



Alþingi
Erindi nr. P 139/1678
komudagur 14. 3. 2011

Reykjavík, 13. mars 2011

139. löggjafarþing 2010-2011.

Þskj. 104 – 98. mál

Tillaga til þingsályktunar um eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar.
(Einnig sent með tölvupósti 13. mars 2011)

Umsögn Laufeyjar Guðjónsdóttur forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar Íslands:

Í greinargerð með tillögu til ofangreindrar þingsályktunar er vísað í könnun er gerð var á fjármögnun 112 íslenskra kvikmyndaverka árin 2006-2009 og fund fulltrúa kvikmyndaframléiðenda með iðnaðarnefnd Alþingis þ. 30. apríl 2010. Hér eru ekki gerðar athugasemdir við þær upplýsingar sem vísað er til og fram koma í greinargerðinni.

Kvikmyndagerð er flókin í framkvæmd og þó að ný tækni auðveldi vinnuna, er hún ennþá mannaflsfræk. Með stafrænni tækni er nú hægt að vinna stærri hluta verksins hér innanlands en áður svo að vænta má frekari fjölgunar starfa við eftirvinnslu kvikmynda á næstu misserum. Algengur framleiðslukostnaður leikinna kvikmynda er um 150-200 milljónir króna. Þá er miðað við mynd sem er nokkuð einföld að gerð og gerist í nútímanum og krefst því ekki flókinnar leikmyndar eða útfærslu. Hingað til hafa hæstu einstöku framleiðslustyrkir úr Kvikmyndasjóði verið kr. 75 milljónir. Það sem uppá vantar þurfa framleiðendur að sækja annað, yfirleitt í erlenda sjóði og samstarfsaðila. Í raun er ótrúlegt hve framleiðendur og leikstjórar hafa aflað mikilla fjármuna í gegnum góð sambönd án þess að hafa þurft að gefa eftir listrænt forræði. Þannig hafa samframleiðsluverkefni skilað miklum fjármunum og þekkingu inni greinina hér á landi.

Stærstur hluti framleiðslukostnaðar fer í laun sérhæfðra starfsmanna, en greinin er að miklu leyti samsett úr öðrum listgreinum og skilar hluti kostnaðar sér m.a. til leikara og tónlistarmanna. Fjölmargar kvikmyndir hafa verið teknar á landsbyggðinni og dreifist því afleiddur kostnaður af kvikmyndagerð víða um land.

Vegna smæðar þjóðar og tungumálsins er útilokað að ná inn tekjum fyrir framleiðslukostnaði með sölu aðgöngumiða eða annars konar dreifingu hér á landi. Því verða kvikmyndagerðarmenn að reiða sig á opinberan stuðning. Menningarlegt gildi íslenskra kvikmynda er verulegt sérstaklega með hliðsjón af auknu vægi myndmálsins í nútímasamfélagi.


Vinna við undirbúning og fjármögnun einstakra mynda getur tekið nokkur ár og því er afar mikilvægt fyrir greinina að fá í gildi samning við stjórnvöld um fjármögnun Kvikmyndasjóðs til lengri tíma svo að

hægt sé að skipuleggja tókutíma og vanda undirbúning. Samframleiðsla við erlenda aðila útheimtir mikla vinnu vegna samninga og umsókna í erlenda samframleiðslusjóði, ferlið reynist því oft tímafrekt. Styrkir eða viljrði um styrk úr Kvikmyndasjóði í heimalandinu er yfirleitt skilyrði fyrir frekari úthlutunum úr norrænum og evrópskum samframleiðslusjóðum.

Til að halda framleiðsluumhverfi virku tel ég að Kvikmyndasjóður þurfi að geta stutt við a.m.k. 3-4 fullbúnar leiknar kvikmyndir á ári, annars er hætt við að fagfólk þrífist ekki og leiti í önnur störf. Við það myndu innviðirnir veikjast svo mjög að erfitt gæti verið að byrja aftur. Aðrar tegundir kvikmynda njóta þess að öflugur grunnur þrífist því sérhæfður búnaður sem fylgir stóru verkefnunum nýtist þeim líka. Stofnkostnaður við sérhvert verkefni reynist lægri en ella. Einnig má nefna að Fjárfestingastofa hefur um árábil kynnt Ísland sem tókustað fyrir erlenda aðila en grunnforsenda þess að þjónusta slík verkefni er að hér séu til staðar sterkir innviðir og staðgóð þekking og reynsla.

Minnst er á gildi kvikmynda sem auglýsingar fyrir íslenska náttúru og ferðaþjónustu í greinargerð með tillöggunni til þingsályktunar. Í gegnum starf mitt sem forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar hef ég séð hvað íslenskir kvikmyndagerðarmenn eru virtir og þekktir af góðum verkum sínum á erlendum vettvangi. Það er nánast regla að á hverju ári eru nokkrar myndir héðan valdar af dagskrárstjórum inn á virtustu kvikmyndahátíðir í öllum heimsálfum. Þar með hljóta þær umfjöllun í helstu fjölmiðlum á hverju svæði fyrir sig og eru oft í framhaldinu seidar til almennrar dreifingar. Í raun eru fleiri íslenskar myndir valdar inn á veigamiklar hátíðir en myndir frá ýmsum milljónaþjóðum sem eiga þó lengri kvikmyndasögu en Ísland.

Með kveðju,



Laufey Guðjónsdóttir
forstöðumaður



Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda
Association of Icelandic Film Producers

Alþingi
Erindi nr. P 139/1677
komudagur 14.3.2011

Nefndarsvið Alþingis

Reykjavík 13. mars 2011

Varðandi: Umsagnarbeiðni - 98. mál

Stjórn SÍK – Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, fagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar og þakkar flutningsmönnum stuðninginn.

Við getum glatt flutningsmenn með því að undanfarinn mánuð hefur mennta- og menningarmálaráðherra í samvinnu við kvikmyndaráð unnið að tillögum að nýju samkomulagi til eflingar kvikmyndagerðar.

Einnig hefur verið unnið að breytingum á þjónustusamningi við RÚV þar sem hlutur kvikmyndagerðar er eflur.

Þessar tillögur verða vonandi til í næstu viku. Við treystum á stuðning flutningsmanna þingsályktunar tillögunnar, þegar málið verður lagt fyrir Alþing

Bestu kveðjur og þökk fyrir stuðninginn

f.h stjórnar SÍK

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Ari Kristinsson'.

Ari Kristinsson formaður